

Viðauki við grunnlýsingu dags. 17. ágúst 2020

vegna 70.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldaskjala

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Grunnlýsing dags. 17. ágúst 2020 útgefin af Lykli fjármögnun hf., kt. 621101-2420 (hér eftir nefnd grunnlýsingin og Lykill), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

1. Með viðauka þessum eru breytingar gerðar á 4. kafla grunnlýsingarinnar sem ber heitið Skilmálar skuldaskjalanna:

Við bætist nýr undirkafla í kafla 4.2 á eftir undirkafla 4.2.6 á blaðsíðu 25:

4.2.7. Innlausnarheimild að vali eiganda skuldaskjalanna

Ef fram kemur í endanlegum skilmálum að innlausnarheimild að vali eiganda skuldaskjalanna eigi við hefur eigandi skuldaskjalanna rétt til þess að fara fram á við útgefanda að skuldaskjöldin séu innlest fyrir lokagjalddaga. Hægt er að fara fram á innlausn á þeim dögum sem tilgreindir eru í endanlegum skilmálum skuldaskjalanna í samræmi við skilmála innlausnarheimildar og skal útgefandi þá kaupa skuldabréfin til baka á verði sem tilgreint er í endanlegum skilmálum að þeim fresti loknum sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum. Óski skuldabréfaeigandi eftir að skuldabréf hans verði innlest skal hann senda viðeigandi vörsluaðila skriflega tilkynningu þess efnis sem svo kemur þeim tilmælum áfram til útgefanda, en slíkri tilkynningu skal fylgja staðfesting á eignarhaldi skuldabréfsins.

Þeir undirkaflar í kafla 4.2 sem koma á eftir nýjum undirkafla hliðrast til um eitt númer. Þannig verður undirkafla 4.2.7 Vextir að undirkafla 4.2.8 og svo framvegis.

2. Með viðauka þessum eru eftirfarandi breytingar gerðar á formi endanlegra skilmála.

Á eftir lið 24. „Uppgreiðsla/umframgreiðsla heimil að vali útgefanda“ á blaðsíðu 45 kemur eftirfarandi liður:

Ákvæði varðandi innlausn eða umframgreiðslu að vali eiganda skuldaskjalanna

25 Innlausnarheimild að vali eiganda skuldaskjalanna

[Á við/Á ekki við]

- Innlausn er heimil á eftirfarandi dagsetningum: *(Erfyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)*
[Tilgreinið öll heimil tímabil eða dagsetningar þar sem heimilt er að óska eftir innlausn auk upplýsinga um frest sem útgefandi hefur til þess að kaupa viðeigandi skuldaskjöl af þeim sem óska eftir innlausn]
- Innlausnarverð: [Tilgreinið það verð/hlutfall af útistandandi höfuðstól og áföllnum vöxtum/verðbótum sem útgefandi greiðir fyrir skuldaskjöldin /annað (tilgreinið nánar)]

Þeir liðir sem á eftir koma hliðrast um eitt númer. Þannig verður liður 25. Veðtryggð skuldaskjöl númer 26 og svo framvegis.

3. Með viðauka þessum eru einnig eftirfarandi breytingar gerðar á kaflanum um Skilgreind hugtök sem hefst á bls. 37 grunnlýsingarinnar.

Til viðbótar við áður skilgreind hugtök bætist eftirfarandi hugtak:


| | |
|------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| „Innlausn“ | Þýðir kaup útgefanda á skuldaskjölum eftir fyrirfram ákveðinn tíma á fyrirfram ákveðnu verði samkvæmt beiðni eiganda skuldaskjalanna |
|------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri Lykils lýsa því yfir fyrir hönd útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem viðaukinn hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Lykill fjármögnun hf.
18.11.2020


Sigurður Viðarsson, formaður stjórnar


Ólaf Jónsdóttir framkvæmdastjóri